

Beint frá býli. Aðalfundur 19. mars 2010

Tillögur frá stjórn

I. Tillaga að innri reglum félagsins um innheimtu og skil á árgjöldum.

Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Hótel Hamri, 19. mars 2010 samþykkir eftirfarandi vinnureglur fyrir stjórn félagsins að vinna eftir við innheimt árgjalda.

- * Við útgáfu greiðsluseðils vegna innheimtu ágjalda frá félagsmönnum, skal gefinn ákveðinn frestur til að greiða árgjald yfirstandandi árs.
- * Ef ekki er greitt á eindaga skal gjaldkeri gefa (í tölvupósti) 14 daga lokafrest til að greiða árgjaldið.
- * Verði það ekki greitt að þeim tíma liðnum verður lokað á aðgang viðkomandi býlis að heimasíðunni þar til árgjaldið er greitt.
- * Ef félagsgjald er ógreitt um áramót verður litið svo á að slíkt jafngildi úrsögn úr félaginu.
- * Óski fyrrverandi félagsmaður, eftir slíka útstrikun, eftir félagsaðild á ný skal það heimilt, enda greiðist þá fyrri skuld samhliða árgjaldi yfirstandandi árs.

II. Tillaga að vinnureglum við ritstjórn heimasíðu BFB

Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Hótel Hamri, 19. mars 2010 samþykkir eftirfarandi vinnureglur fyrir ritstjóra heimasíðu BFB.

- Allir félagsmenn skulu skráðir á heimasíðu BFB undir nafni og bærjarheiti.
- Þeir sem ekki gefa nægar upplýsingar um framleiðslu eru aðeins skráðir undir nafni og bærjarheiti.
- Þeir sem eitthvað bjóða til sölu skulu senda inn lágmarks texta um býlið, ásamt helstu upplýsingum um hvað er til sölu. Myndir af býlinu og starfinu þar skulu fylgja með. Ef þetta er ekki gert þá skal viðkomandi aðeins skráður sem félagsmaður án framleiðslu?

Greinargerð

Til þess að gera heimasíðuna virkari og aðgengilegri í heild þá er mikilvægt að hún sé lifandi og upplýsandi. Það verður m.a. gert með því að þær síður sem eiga að vera virkar séu með upplýsingar og með myndir af býlinu, en aðrir séu eingöngu á sk. bærjarlista. Það þjónar ekki tilgangi sínum að hafa bærjar síður án upplýsinga. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að vera hvetjandi fyrir félagsmenn um að hafa sína síðu góða.